


Reykjanesbær 16.03.2021

---

*Erindi*

*Óskað er heimildar til að vinna rammaskipulag fyrir Njarðvíkurhöfn og nágrenni*

---



Rammaskipulagssvæðið

Skipulagsfulltrúi óskar eftir heimildar til að vinna rammaskipulag svæðis sem afmarkast af Njarðvíkurhöfn, Sjávargötu, Njarðarbraut að Fitjabakka samhliða heildar endurskoðun aðalskipulags. Fyrir liggur stefna stjórnar Reykjaneshafna sem felst m.a. í því að Njarðvíkurhöfn verði útgerðarhöfn sveitarfélagsins með þjónustu við fiskveiðar og vinnslu.

Unnið er að stækkun Njarðvíkurhafnarinnar og skipasmíðastöðvar Njarðvíkur og stefnt er að þróun skipaþjónustuklasa á svæðinu sem á eftir að hafa fjölbreytt áhrif á bæinn út fyrir svæðið.

Myndaður verði stýrihópur hagaðila, embættismanna og kjörinna fulltrúa sem móti vinnuna og fylgi verkefninu eftir. Hópurinn stýri þróun verkefnisins og sjái til þess að það samþættist starfsemi hafnarinnar, öðrum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu og þróun viðskipta.

Tillaga að samsetningu stýrihóps er:

- Verkefnisstjóri þróunar færi með með verkefnisstjórn,
- skipulagsfulltrúi
- hafnarstjóri
- Fulltrúi hagaðila
- Ráðgjafar
- Kjörnir fulltrúar